

**Ed.** **438. Frumvarp til laga** [189. mál]  
um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein, 4. málsgrein, er orðist svo:  
Frá tekjum sjómanna á öðrum íslenskum skipum skal draga kostnað vegna hlífðarfata. Frádrátturinn miðast við þann vikufjölda, sem sjómenn eru lögskráðir á skip, og ákveðst kr. 500.00 á mánuði.

2. gr.

Lög þessi skulu öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um langt skeið hafa sjómenn á íslenskum fiskiskipum notið nokkurs frádráttar vegna hlífðarfatakostnaðar. Þykir það sanngirnismál, að aðrir sjómenn njóti hliðstæðs réttar.